

45
6. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag,
verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að hann telji nauðsynlegt að setja í lög skýlausa heimild fyrir verðgæzlustjóra til þess að fylgjast með verðlagi í landinu, jafnt á þeim vörum, sem ekki eru háðar verðlagsákvörðunum fjárhagsráðs og þeim, sem háðar eru verðlagsákvörðunum. Komið hefur í ljós, að einstaka aðilar, sem við verzlun fást, hafa misnotað það frelsi, sem veitt hefur verið til að ákveða álagningu á vörur. Telur viðskiptamálaráðherra nauðsynlegt, til að sporna gegn þeirri misnotkun, að lög verði sett, sem heimili að birta nöfn þeirra, sem uppvisir verða að óhóflægri álagningu á vörur, sem frjálst verðlag er á. Enn fremur er talið æskilegt, að nefnd sú, er kosin hefur verið samkvæmt 2. gr. laga nr. 35/1950, fái viðtækari heimild til að fylgjast með verðlagi en í lögnum greinir.

Með skírskotun til framanritaðs föllumst vér á, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Heimilt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvisir að óhóflægri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar.

3. gr.

Nefnd sú, sem um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögu-rétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til um-ræðu um verðlagsmál.

4. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum inn-lendra og erlendra iðnaðarvара, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjár-hagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Björn Ólafsson.